

24. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs 30. September 2015 kl. 13:00 í Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri.

Mætt: Ásgeir Magnússon, Ísólfur Gylfi Pálmason, Eva Björk Harðardóttir og Sigurður Sigursveinsson sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Brynja Davíðsdóttir framkvæmdastjóri jarðvangsins, Guðlaug Ósk Svansdóttir, Eiríkur Vilhelm Sigurðsson og Þorbjörg Ása Jónsdóttir.

Ásgeir formaður setur fund. Gengið var til fyrirbyggjandi dagskrár.

- Brynja greindi frá helstu þáttum í starfinu frá síðasta stjórnarfundi
  - Stofnfundur Samráðsvettvangs íslenskra jarðvanga, Brynja situr þar í stjórn.
  - ProGEO fundur og skoðunarferð um Suðurland. Nýttist m.a. vel fyrir framkvæmdastjóra til að mynda tengsl við aðila í stjórnkerfinu auk kynningar á áherslum í jarðminjavernd.
  - EGN fundur og ráðstefna í Rokua í Finnlandi. Þar var Reykjanes Geopark m.a. tekinn inn í netverkið. Brynja og Sigurður sóttu fundinn og nýttist hann m.a. vel til tengslamyndunar. Katla jarðvangur hélt sinni vottun, en nú einungis til tveggja ára. Brynja greindi frá helstu atriðum í úttektinni en formlegt bréf þar að lútandi er enn ókomið frá Global Geoparks Network.
- Rætt um fyrirkomulag samstarfsins innan jarðvangsins varðandi t.d. uppbyggingu áfangastaða. Sjónarmið kunna að vera mismunandi milli t.d. ferðaþjónustuaðila og klasa þeirra annars vegar og sjónarmið jarðvangsins varðandi ábyrga vernd og nýtingu jarðminja hins vegar. M.a. velt upp þeirri hugmynd að ferðaþjónustan á svæðinu kynni sig frekar undir merki jarðvangsins (á öllu svæðinu), m.a. á heimasíðu. Þá þyrfti ferðaþjónustan jafnframt að gangast undir þau skilyrði sem aðild að Global Geoparks Network gerir. Fram kom að á næsta félagsfundi klasans Friður og frumkraftar verður þetta rætt (líklega í byrjun nóvember). Einnig verður málið tekið fyrir á stjórnarfundi VisitVík á næstunni.
- Umræða um fjármögnun. Varðar m.a. rekstur jarðvangsins annars vegar og uppbyggingu áfangastaða hins vegar.
- Brynja kynnti gögn frá North Pennines Geopark í Bretlandi varðandi management plan o.fl. en forsvarsmaður hans hefur boðið fram aðstoð við slíkt hjá Kötlu jarðvangi. Fundarmenn sammála um að það væri forgangsverkefni næstu mánaða að vinna að slíku fyrir Kötlu jarðvang til þess að halda utan um starfsemina næstu tvö árin þannig að fjögurra ára vottun náist 2017.
- Samþykkt að stefna að því að hafa á takteinum hnitmiðaðan texta um hvað það felur í sér að vera jarðvangur, jafnframt verði unnin drög að stefnumótunarplaggi, m.a. á grundvelli athugasemda sem væntanlegar eru frá GGN. Samþykkt að leita eftir ráðgjöf frá SASS við stefnumótunarvinnuna.
- Stefnt að næsta stjórnarfundi, síma- eða fjarfundi, kl. 10 miðvikudaginn 4. nóvember.
- Brynja fór yfir verkefni sín framundan; fundi með grunnskólunum, ráðuneytum, háskólum, Landgræðslunni og Skógræktinni. Einnig kynningarfundir fyrir rekstraraðila og einstaklinga í jarðvanginum.
- Staðan á fjármálum jarðvangsins kynnt.

Fleira ekki, fundi slitið kl. 15:40.